



## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhváli 150 Reykjavík  
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjr.is  
www.fjarmalaraduneyti.is

### *Fréttatilkynning*

Nr.: **23/2008**

Efni: **Afkoma ríkissjóðs bætt um 45 milljarða króna**

Ríkisstjórnin kynnir sparnaðaraðgerðir við 2. umræðu fjárlaga - vörður staðinn um velferð, menntun og löggæslu

Í tillögum ríkisstjórnarinnar sem lagðar eru fyrir Fjárlaganefnd Alþingis við 2. umræðu fjárlaga er gert ráð fyrir að sparnaður í rekstrarútgjöldum og tekjutilfærslum nemi u.þ.b. 24 milljörðum króna eða um 5,7% af heildarútgjöldum ríkissjóðs til þessara málaflokka. Er bæði um að ræða hagræðingu í núverandi rekstri og frestun verkefna sem ekki eru komin til framkvæmda. Tekjuskattur hækkar um 1 prósentustig auk heimildar til hækkunar á útsvari. Með þessum og fleiri aðgerðum mun halli ríkissjóðs verða 165 – 170 milljarðar króna en hefði að óbreyttu geta orðið u.þ.b. 215 milljarðar.

#### **Gjörbreyttar forsendur**

Í kjölfar þeirra gríðarlegu breytinga sem orðið hafa á efnahagsumhverfinu frá því að fjárlagafrumvarp ársins 2009 var lagt fram á Alþingi þann 1. október s.l. hefur áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 2009 verið endurskoðuð. Ljóst er að tekjur lækka mikið frá fyrri áætlunum og gjaldaliðir hækka vegna hækkandi verðlags og gengisfalls íslensku krónunnar. Að óbreyttu stefndi í að halli ríkissjóðs á árinu 2009 gæti orðið um 215 milljarðar króna.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að halli ríkissjóðs verði svo mikill hefur ríkisstjórnin gripið til ráðstafana á tekju- og gjaldahlið í samræmi við efnahagsáætlun stjórnvalda sem gerð var í samvinnu við Alþjóða-gjaldeyrissjóðinn. Er þar gert ráð fyrir að halli á ríkissjóði á árinu 2009 verði ekki meiri en 165-170 milljarðar króna.

Með það að markmiði hefur ríkisstjórnin einsett sér að setja fram áætlun um breytingar á rekstri ríkissjóðs sem skili a.m.k. 45 milljarða hagstæðari afkomu en orðið hefði ef ekki hefði verið brugðist við.

#### **Varðstaða um velferðarþjónustu, menntakerfi og löggæslu**

Í áætlunum ríkisstjórnarinnar er gengið út frá því grundvallarviðmiði að sparnaður komi sem minnst niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslu en þess í stað verði meiri

áhersla lögð á hagræðingu í rekstri ráðuneyta og hefðbundinna stjórnsýslustofnana. Staðinn er vörður um kjarabætur til millitekju- og láglaunahópa.

Hlutfallslega verður mesti samdráttur rekstargjalda í utanríkisþjónustunni og hjá æðstu stjórn ríkisins en almennt er samdráttur í rekstri ráðuneyta á bilinu 5-7%. Gert er ráð fyrir að gjöld og samningar sem taka breytingum á milli ára samkvæmt verðlagi hækki í samræmi við þær áætlanir sem settar voru fram í fjárlagafrumvarpinu í byrjun október þar sem verðhækkningar ársins 2008 voru áætlaðar 11,5% en hækkun ársins 2009 var áætluð 5,7%. Er þetta nokkuð lægra en mælingar og spár gera ráð fyrir nú. Engu að síður mun lágmarksframfærsluþrygging almannatrygginga hækka til jafns við hækkun vísitölu neysliverðs á árinu 2008 og spár ársins 2009 sem leiðir til tæplega 20% hækkunar um næstu áramót fyrir þá sem lægst hafa bæturnar og 9,6% hækkun fyrir aðra bótaþega. Kjör lægst settu lífeyrisþeganna hafa aldrei verið hærri samanborið við lægstu laun í landinu.

Af einstökum liðum má nefna að fallið verður frá aukningu útgjalda til þróunaraðstoðar, mótframlagi í endurhæfingarsjóð verður frestað, framlög til sókna verða lækkuð, fallið verður frá framlögum í rannsókn- og tækjasjóði og ýmsir styrkjaliðir verða lækkaðir.

#### **41 milljarður í framkvæmdir þrátt fyrir niðurskurð**

Talsverður samdráttur verður í nýframkvæmdum á árinu 2009 frá því sem áður var áformað. Samtals mun lækkun framkvæmda nema um 11 milljörðum króna eða 21% af áætluðum kostaði við nýframkvæmdir ársins. Þrátt fyrir þessar breytingar munu framkvæmdir næsta árs nema ríflega 41 milljarði króna sem er svipuð upphæð og framkvæmt var fyrir á þessu ári. Þetta þýðir að árið 2009 verður eitt mesta framkvæmdaár sögunnar með tilliti til fjárveitinga ríkisins. Með því vill ríkisstjórnin leggja sitt af mörkum við að halda uppi framkvæmdum og þar með skapa atvinnu þegar atvinnuleysi fer vaxandi.

Helmingur af sparnaði í nýframkvæmdum verður í vegagerð en af öðrum einstökum liðum má nefna að frestun verður á framkvæmdum vegna nýrrar flugvélar og varðskips Landhelgisgæslunnar, dregið verður úr fjölgun leiguíbúða og húsbyggingu á vegum Stofnunar Árna Magnússonar verður slegið á frest.

#### **Tekjuskattur hækkar um 1 prósentustig**

Ríkisstjórnin leggur til að tekjuskattur einstaklinga verði hækkaður um 1 prósentustig, úr 22,75% í 23,75%. Með því munu tekjur ríkissjóðs hækka um 7 milljarða króna frá því sem áður var áformað. Ennfremur mun ríkisstjórnin heimila hækkun útsvars sveitarfélaganna sem getur leitt til hækkunar tekna þeirra og kemur til móts við aukaframlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem að óbreyttu munu falla niður um næstu áramót.

Auk þeirra megin tillagna sem hér eru settar fram er einnig verið að ljúka við að útfæra ýmsar smærri aðgerðir til lækkunar útgjalda sem koma munu til viðbótar en hafa þó ekki veruleg áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs sem og að endurskoða ýmsa útgjaldaþætti frumvarpsins s.s. atvinnuleysi og aðrar reiknaðar stærðir auk millifærslna.

Þá áformar ríkisstjórnin að spara í launakostnaði á vegum ríkisins með því að beita sér í samráði við stjórnendur ríkisstofnana og hlutafélaga í eigu ríkisins fyrir lækkun hæstu launa til samræmis við launalækkun þingmanna og ráðherra.

Samtals er gert ráð fyrir að ofangreindar breytingar á tekju- og gjaldahlið frumvarpsins leiði til betri afkomu sem nemi rúmlega 42 milljörðum króna.

Þar sem uppfærsla vegna verðlagsútreikninga frumvarpsins verður sett fram við 3. umræðu liggja endanlegar niðurstöðutölur þess ekki fyrir fyrr en þá. Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin leggi einnig fram tillögur við 3. umræðu sem bæta munu afkomu ríkissjóðs um a.m.k. 3 milljarða króna til

viðbótar.

Reykjavík 11. desember 2008